

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 415, 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Síðasta málsgrein 2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

2. Norður af Kögri allt árið á svæði er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
 - a. 67°17'0 n.br., 23°51'0 v.lgd.
 - b. 67°21'5 n.br., 22°03'0 v.lgd.
 - c. 67°02'4 n.br., 21°47'0 v.lgd.
 - d. 66°57'0 n.br., 23°21'0 v.lgd.

Á þessu svæði skal þó heimilt að stunda loðnuveiðar í hringnót þegar slíkar veiðar eru leyfðar og jafnframt er ráðuneytinu heimilt að veita leyfi til rækjuveiða á þessu svæði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1977.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Sundlaugar Akureyrar nr. 188 13. apríl 1977.

Aðgangseyrir:

Fullorðnir	kr. 150.00
Börn	— 50.00
Gufubað	— 300.00
Leiga á sundfatnaði	— 100.00

Miðasamstæður verða seldar með afslætti.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 188 13. apríl 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.